

Nd.

998. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Frá 2. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur eigi afgreitt þetta mál á fundi. Þeir Bjarni Ásgeirsson og Jón Sigurðsson þóttust eigi geta beðið þess og gáfu út álit sitt án þess að nefndin hefði afgreitt málið.

Frumvarp þetta fer fram á 100% hækkun á jarðræktarstyrknum þar til vélfært land er orðið minnst 600 hesta land á hverju býli. Þetta frumvarp lá fyrir í fyrra og var þá gerbreytt af okkur undirrituðum og samþykkt þannig í neðri deild Alþingis. Efri deild gat eigi fallizt á það og var því vísað til Nýbyggingarráðs til athugunar og aðgerða.

Afleiðing þessa hefur orðið frumvarp Nýbyggingarráðs „um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum“, sem nú er orðið að lögum, og frumvarp um Ræktunarsjóð Íslands, sem við höfum fyrir löngu samþykkt í landbúnaðarnefnd og væntanlega verður að lögum.

Samkvæmt hinum nýju lögum er ákveðið að greiða 60—70 milljónir króna á næstu 10 árum úr ríkissjóði og lána það út með 2% vöxtum og 42 ára afborgun til ræktunar og bygginga í sveitum.

Samkvæmt frumvarpinu um Ræktunarsjóð er ráðgert að leggja fram á næstu 10 árum 10—15 milljónir króna til að lána út til ræktunar og bygginga fyrir landbúnaðinn með 2½% vöxtum og 5—25 ára afborgunarfresti.

Þetta þýðir það, að aldrei síðan land byggðist hafa neinar svipaðar fjárveitingar verið ákveðnar í landbúnað hér á landi. En mennirnir, sem hafa stjórnað landbúnaðarmálum þjóðarinnar nærri 20 ár með þeim afleiðingum, sem kunnar eru, þykjast nú ekki vilja láta sér þetta nægja, heldur heimta til viðbótar 100% hækkun á jarðræktarstyrk. Þó er þess að geta, að jarðræktarlögunum var stórvægilega breytt og jarðræktarstyrkur mjög hækkaður 1942 með góðu samkomulagi allra aðila, en um það bil sem framsóknarmenn voru að hrökklast úr stjórn.

Að öllu þessu athuguðu þykir stjórnarflokkunum ekki ástæða til að taka til greina það yfirboð stjórnarandstöðunnar, sem í þessu frumvarpi felst. Er og því síður ástæða til þess, þar sem forustumenn stjórnarandstöðunnar hafa aldrei þreytt á því, síðan núverandi ríkisstjórn tók við völdum, að útmála allar hennar ráðstafanir til hagsbóta fyrir atvinnuvegina sem féglæfra og heimskulega bjartsýni.

Við leggjum því til, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem búið er að ákveða í tíð núverandi ríkisstjórnar 3 milljón króna styrk til véla- og verkfærakaupa og 60—70 milljónir króna á næstu 10 árum til ræktunar og bygginga í sveitum og þar sem ætla má, að frv. um Ræktunarsjóð Íslands nái fram að ganga, þá getur deildin ekki að svo komnu samþykkt til viðbótar 100% hækkun á jarðræktarstyrk og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 26. apríl 1946.

Jón Pálmason,
form., frsm.

Sigurður Guðnason.